

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 155/2019

2022/EES/74/19

frá 14. júní 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1981 frá 13. desember 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum koparefnasamböndum sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):  
„– **32018 R 1981:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1981 frá 13. desember 2018 (Stjtið. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 16).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1865):  
„13zzzzzzzzo. **32018 R 1981:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1981 frá 13. desember 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum koparefnasamböndum sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1981, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 16.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.